

Fréttabréf



FRÉTTABRÉF LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA RÍKISINS OG LÍFEYRISSJÓÐS HJÚKRUNARFRÆÐINGA



Góður árangur

Ávöxtun ársins 2005 hjá LSR og LH – sú besta frá upphafi

Ávöxtun var góð hjá LSR og LH á síðasta ári og telst sú besta frá upphafi. Þannig var nafn-ávöxtun 18,9% hjá LSR og 18,5% hjá LH. Hrein raunávöxtun hjá LSR var 14,0% en 13,7% hjá LH. Mikil áhersla var sem fyrr lögð á áhættudreifingu, m.a. með auknum fjárfestingum erlendis.

Talsvert var um framboð skuldabréfa innanlands og nýttu sjóðirnir sér það til að dreifa áhættu á einstaka útgefendum. Þá var nokkuð fjárfest erlendis á liðnu ári enda kveður fjárfestingarstefna sjóðanna á um að erlendar

fjárfestingar séu 40% af heildareignum, 35% í erlendum hlutabréfum og 5% í erlendum skuldabréfum. Hornsteinar eignasamsetningar LSR og LH eru eftir sem áður ríkistryggð skuldabréf og lán til sjóðfélaga.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðanna eiga innlend skuldabréf að vera 50% af eignum og innlend hlutabréf 10%. Stjórnir LSR og LH telja að þessi stefna, sem er endurskoðuð árlega, sé best til þess fallin, að teknu tilliti til ávöxtun og áhættu, að mæta lífeyrisskuldbindingum sjóðanna.

Lífeyrisgreiðslur yfir milljarði á mánuði

Lífeyrisgreiðslur sem LSR og LH greiða út í hverjum mánuði nema samanlagt ríflega einum milljarði króna. Nánar tiltekið nam meðalgreiðsla á mánuði í heildina 1.141,1 milljónum króna á árinu 2005. Af greiddum lífeyri kemur rúmlega 91% úr B-deild LSR.

Stærsti hluti lífeyrisgreiðslna er ellilífeyrir, eða 73,6% en makalífeyrir nemur 19,7%. Af heildarlífeyrisgreiðslum LSR og LH er hlutur örorkulífeyris 6,6%. Mikill munur er þó milli deilda hvað varðar örorkulífeyri. Hlutfall hans er hæst hjá A-deild LSR, eða 77,2%, en lægst hjá B-deildinni, 4,8%.

Kennarar á eftirlaunum stunda öflugt félagslíf. Starfið er líflegt og felst m.a. í fræðslu og skemmtifundum yfir vetrartímann og ferðalögum á sumrin. Þá halda kennarar á eftirlaunum úti kór sem æfir reglulega á hverjum fimmtudegi í húsnæði Kennaraháskólans, þar sem þessi mynd var tekin. Vetrarstarfinu í ár lauk með tónleikum í Neskirkju þann 7. maí sl.

Sjóðfélagavefur LSR opinn öllum virkum sjóðfélögum

Sjóðfélagavefur LSR hefur nú verið opnaður fyrir alla sem eiga réttindi hjá LSR og LH en fram að þessu hefur vefurinn einungis þjónað þeim sem greiða í A-deild og Séreign LSR. Vefurinn gefur sjóðfélögum færi á að fylgjast betur með heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna, sem og iðgjaldaskilum launagreiðenda á hverjum tíma.

Sjóðfélagar í B-deild LSR og LH fá send lykilorð með útsendingu ársyfirlita í maí og geta síðan auðveldlega nálgast yfirlit sín á vef sjóðsins, www.lsr.is. Þeir sem nú þegar hafa aðgang að A-deildinni og Séreign LSR á sjóðfélagavefnum þurfa ekki nýtt lykilorð.

Áframhaldandi vöxtur

Í árslok 2005 voru samlagðar eignir allra deilda LSR og LH 246 milljarðar króna og höfðu þær aukist um rúmlega 51 milljarð króna eða 26% frá árinu á undan. Mikla eignaukningu má að hluta til rekja til mikilla iðgjaldagreiðslna til A-deildar LSR og innborgana ríkissjóðs inn á skuldbindingar við B-deild, en að mestu leyti til góðrar ávöxtunar á síðasta ári. Tekjur af fjárfestingum á árinu 2005

voru 38,6 milljarðar króna.

Góð ávöxtun á árinu 2005 kemur í kjölfar tveggja ára þar sem ávöxtunin var einnig mjög góð. Á þessum þremur árum hafa tekjur LSR af fjárfestingum verið samtals 81 milljarður króna. Hér er um háa fjárhæð að ræða sem nýtist til að tryggja lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna í framtíðinni og til að draga úr lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs. Á þessu þriggja ára tímabili hafa eignir LSR og LH aukist úr 127 milljörðum króna í 246 milljarða. Þær hafa því nánast tvöfaldað á einungis þremur árum.

Í krafti eigna sinna er LSR stór aðili á fjármálamarkaði og ber ásamt öðrum lífeyrissjóðum ríka samfélagslega ábyrgð þar sem þeir ávaxta stærstan hluta sparnaðar landsmanna. Mikil ábyrgð er því lögð á herðar stjórnenda LSR.

Í ljósi þessara staðreynda ákvað LSR á síðasta ári að fá Gylfa Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, til að taka saman skýrslu um áhrif og ábyrgð lífeyrissjóðsins á fjármálamarkaði. Á ráðstefnu sem lífeyrissjóðurinn stóð fyrir nú í apríl gerði Gylfi grein fyrir athugunum sínum. Einnig voru fengnir nokkrir aðrir sérfræðingar til að fjalla um efni skýrslunnar. Í máli framsögu-manna ráðstefnunnar komu fram ýmsar athyglisverðar hugmyndir og ábendingar um framtíðarskipan lífeyrissjóðsins sem munu verða stjórnendum sjóðsins mikilvægar í allri ákvarðanatöku um starfsemi hans á komandi árum.

Hagstæð eignasamsetning

Viðtal við Róbert A. Róbertsson, forstöðumann eignastýringar

Róbert A. Róbertsson er forstöðumaður eignastýringar LSR og LH. Hann hóf störf hjá sjóðunum á vормánuðum 2002 sem sjóðstjóri og tók við forstöðumannsstarfinu í september 2005. Róbert er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hlaut löggildingu í verðbréfamiðlun árið 2004. Hann svarar hér nokkrum spurningum varðandi eignastýringu LSR og LH.



umræðum um markaði. Stundum eru gestir fengnir á þessa fundi til að fjalla um tiltekin mál.

Er eignasamsetning LSR og LH svipuð og hjá öðrum lífeyrissjóðum?

Í flestum tilvikum er fjárfestingarstefna lífeyrissjóða svipuð. Eignasamsetning er helst ólík þegar kemur

að hlutfallinu milli erlendra og innlendra hlutabréfa. Í lok síðasta árs voru flestir lífeyrissjóðir með 13-25% í innlendum hlutabréfum og 15-35% í erlendum hlutabréfum. Mishátt hlutfall milli erlendra og innlendra hlutabréfa skipti miklu í ávöxtun síðasta árs og miðað við hvernig árið 2006 hefur farið af stað mun það gera það áfram.

Hvert er yfirlýst markmið eignastýringar LSR og LH?

Markmið okkar er að ávaxta fjármuni sjóðfélaga og launagreiðenda með sem bestum hætti að teknu tilliti til áhættu samkvæmt fjárfestingarstefnu samþykktari af stjórn sjóðanna. Í því ljósi horfum við bæði á innlenda og erlenda verðbréfamarkaði.

Hvernig er eignastýringunni háttáð?

Innlendum verðbréfum sjóðanna er stýrt beint af starfsmönnum eignastýringarinnar en við fjárfestingar erlendis eru öflugir fjárvörsluaðilar valdir til að stýra söfnum fyrir sjóðina. Þar er m.a. horft til árangurs og aðferðafræði. Núna stýra um 20 aðilar söfnum fyrir LSR og LH, ýmist hlutabréfasöfnum, skuldabréfasöfnum eða fram-taksfjárfestingum. Þegar nýjir sjóðir eru valdir er tillaga þess efnis lögð fyrir stjórn sem þarf að samþykkja nýja fjárvörsluaðila. Áður en til þess kemur eru slíkar tillögur ræddar í fjárfestingarráði sjóðanna. Í því ráði sitja nokkrir stjórnarmenn LSR og LH, framkvæmdastjóri sjóðanna, lögfræðingur þeirra og starfsmenn eignastýringar. Ráðið hittist að jafnaði einu sinni í viku. Á slíkum fundum eru allar fjárfestingar sjóðanna ræddar ásamt

Hafa hræringar vetrarins áhrif á ávöxtun LSR og LH?


LSR og LH hafa ávallt haft það að meginmarkmiði að dreifa áhættu. Atburðir undanfarinna mánuða sýna vel hversu miklu máli það skiptir. Um áramótin voru sjóðirnir með um 27% af eignum sínum í erlendum hlutabréfum og tæp 14% í innlendum. Þegar krónan veikist eykst virði erlendra eigna og því hefur veiking krónunnar komið sér vel fyrir sjóðinn. Hins vegar er ljóst að lækking innlendra hlutabréfa rýrir eignir sjóðanna. Hafa ber í huga að um miðjan maí hafði markaðurinn ekki lækkað frá áramótum en lækkað mikið frá hæsta gildi í febrúar. Samantekið hafa því sveiflurnar á mörkuðum komið sér vel fyrir sjóðina. Þá er einnig ljóst að eftir því sem hlutabréf verða stærri partur af eignasamsetningu sjóðanna munu sveiflur í ávöxtun þeirra aukast.

Auknar eignir í Séreign LSR

Ávöxtun Séreignar LSR var góð á síðasta ári, þá sér í lagi hjá Leið I þar sem ávöxtunin var 13,3% að nafnvirði og um 8,8% að raunvirði.

Heildareignir Séreignar LSR

(í millj. kr.)



Ávöxtun Leiðar II var góð að teknu tilliti til erfiðs árs á skuldabréfamarkaði og var nafn-ávöxtun 8,9% og raunávöxtun 4,6%. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 67,5% hjá Leið I og 67,2% hjá Leið II samanborið við hækkingu Úrvalsvisítölunnar um 64,7%.

Erlenda hlutabréfasafn Séreignar LSR ávaxtadist á árinu um 14,5% í Leið I og Leið II var með 15,2% á meðan að heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 13% í íslenskum krónum á árinu. Eins og áður sagði var skuldabréfamarkaðurinn erfiður á árinu og var ávöxtun innlendra skuldabréfa Séreignar LSR 4,2% í Leið I og 3,7% í Leið II. Verðtryggðir vextir Leiðar III lækkuðu talsvert á árinu og voru í árslok 4,6%.

Mikil áhættudreifing

Verðbréfaeign LSR og LH 2005

Verðbréfamarkaðir voru gjöfuleir á liðnu ári, þá sér í lagi hlutabréfamarkaðir. Innlend hlutabréf hækkuðu mikið á síðasta ári, eða um tæp 65%. Erlend hlutabréf hækkuðu einnig, eða um tæp 13% í íslenskum krónum. Krónan styrktist á árinu um 7,2%. Ávöxtunarkrafa innlendra skuldabréfa hækkaði talsvert á árinu og þannig lækkaði virði þeirra. Þetta hafði áhrif á ávöxtun Séreignar LSR til lækkunar, þar sem skuldabréf hennar eru gerð upp á markaðsvirði.

Einstakir eignaflokkar

Innlend skuldabréf nema nú 58% af heildareignum. Þar af eru um 21% í ríkistryggðum skuldabréfum og rúmlega 13% í lánnum til sjóðfélaga. Tæplega 24% af heildareignum eru í skuldabréfum sveitarfélaga, lánastofnana og fyrirtækja.

Á síðasta ári gekk vel að ávaxta skuldabréf sjóðanna og nam raunávöxtun 6,5%. Við ávöxtun einstakra flokka skuldabréfa hefur mikil áhættudreifing verið höfð að leiðarljósi ásamt því að fjárfesta í traustum skuldabréfum með langan binditíma. Þessi stefna hefur skilað sjóðunum góðri ávöxtun.

Áfram eru verðtryggð ríkistryggð skuldabréf og sjóðfélagalán kjölfestan í skuldabréfasafni sjóðanna. Þau hafa að jafnaði langan binditíma og mæta því vel skuldbindingum sjóðanna.



Innlend hlutabréf námu tæplega 14% af heildareignum í árslok en námu tæplega 16% í árslok 2004. Ávöxtun safnsins var 70,3% eða 4,3% yfir viðmiði sínu, ICEX-15. Fjárfestingarstefna sjóðanna gerir ráð fyrir að 10% af heildareignum sé í innlendum hlutabréfum, með vikmörkum upp á 5-15%. Á árinu námu

innlend hlutabréf á bilinu 12-16% af heildareignum.

Erlend hlutabréf nema nú tæplega 27% af heildareignum. Eins og áður sagði hefur verið unnið að því að auka erlendar eignir sjóðanna og þar haft að leiðarljósi að dreifa áhættu milli fjárvörsluaðila með mismunandi stefnu og aðferðafræði.

Nafnávöxtun sjóðanna á erlendum hlutabréfum sjóðanna nam 17,5% á síðasta ári samanborið við 13,0% ávöxtun á MSCI, heimsvísitölu hlutabréfa. Sjóðirnir hafa beitt virkri

Verðbréfaeign LSR og LH 2005



gjaldmiðlastýringu og náðist góður árangur af henni á liðnu ári sem skilar sér í aukinni ávöxtun á erlendum hlutabréfum. Markmið gjaldmiðlastýringar er að minnka sveiflur í ávöxtun sjóðanna. Með auknum eignum í hlutabréfum munu sveiflur í ávöxtun aukast.

Erlend skuldabréf námu í árslok 1,5% af heildareignum sjóðanna. Raunávöxtun þeirra á síðasta ári var -2,2%. Ljóst er að sjóðirnir munu auka við fjárfestingar í erlendum skuldabréfum á næstu árum þar sem fjárfestingarstefna sjóðanna gerir ráð fyrir að 5% af eignum sjóðanna sé fjárfest í þessum eignaflokki.


Metár í útlánnum

Útlán lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga hafa vaxið mikið síðustu misseri. Mikill kippur kom í útlánastarfseminu á síðari hluta ársins 2004 og hafa útlán haldið áfram að aukast.

Á árinu 2003 námu heildar útlán 4 milljörðum króna en árið 2004 námu þau 4,6 milljörðum. Þessi tala fyrir árið 2005 nam 9,6 milljörðum króna. Þarna er um rúmlega tvöföldun að ræða í útlánnum á milli ára.

Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH

(í milljó. kr.)



Yfir 30 þúsund virkir sjóðfélagar

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, þ.e. sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 30.639 á árinu 2005 hjá LSR.

Virikum sjóðfélögum fjölgaði um tæp 3% hjá A-deild frá árinu 2004 en þeim fækkaði um 6,2% hjá B-deild, enda er deildin lokað fyrir nýjum félögum. Nokkur fjölgun var í Séreign LSR.

Konur í meirihluta

Meðalaldur sjóðfélaga er ólíkur milli sjóða og deilda LSR. Í árslok 2005 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld til B-deildar LSR 54 ár og voru 60% þeirra konur en 40% karlar.

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í A-deild LSR var hins vegar 40 ár og voru 71% þeirra konur og 29% karlar. Meðalaldur hjá Séreign LSR var 52 ár, þar af var meðalaldur 50 ár í Leið I, 57 ár í Leið II og 58 ár í Leið III.

Breyttar reglur og aukin þjónusta

Nýlega samþykktu stjórnir LSR og LH breytingar á lánareglum sjóðanna í því augnamiði að gera lánareglur sjóðanna skýrari og aðgengilegri fyrir sjóðfélaga. Þá hefur þjónusta lánadeildar sjóðanna verið eflað á síðustu misserum. Breyttar lánareglur rýmka lánsrétt margra sjóðfélaga. Hámarks lánveiting hefur um nokkurt skeið miðast við 100% af brunabótamati veðsettrar eignar og lögbundið hámark, 65% af verðmæti hennar. Þessu hefur nú verið breytt þannig að í stað þess að miða aðeins við brunabótamat er tekið tillit til samtölu brunabótamats og lóðarmats, en áfram er miðað við 65% af verðmæti eignar.

Samhliða aukningu í útlánnum hefur lánadeild eftt þjónustu sína við lántakendur á síðustu misserum, m.a. með gerð greiðslumata fyrir væntanlega lántakendur án auka kostnaðar og aukinni upplýsingagjöf. Með þessu er samband lántakenda og sjóðanna eflt.

Lánareglur LSR og LH má finna í heild sinni á heimasíðu LSR, www.lsr.is.




Líkt og undanfarin ár hélt LSR kynningar- og samráðsfund með sjóðfélögum sínum og mökum þeirra á vordögum. Áð þessu sinni var fundurinn haldinn þann 4. maí á Nordica hótelinu og var mæting að venju góð.

Fleiri velja meðaltalsreglu

Með lagabreytingum sem tóku gildi í byrjun árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR og LH valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðaltalsreglu, en hún fylgir breytingum sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Eingöngu þeir sjóðfélagar sem fara á lífeyri í beinu framhaldi af starfi hafa þetta val, en lífeyrisgreiðslur annarra taka breytingum samkvæmt meðaltalsreglu.

Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu



Miklar breytingar hafa orðið á hlutfalli milli meðaltals- og eftirmannsreglu hjá lífeyrisþegum B-deildar LSR og LH frá því að meðaltalsreglan var tekin upp. Miðað við lífeyrisgreiðslur í desember 2005 fengu rúmlega 58% lífeyrisþega greiddan lífeyri frá B-deild LSR samkvæmt meðaltalsreglu en 27% lífeyrisþega hjá LH. Segja má að þeir lífeyrisþegar sem fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu setji ekki öll egginn í sömu körfuna, því lífeyrir þeirra tekur breytingum sem verða að meðaltali á dagvinnulaunum hjá öllum opinberum starfsmönnum, í stað þess að þeir einskorði sig við ákveðinn eftirmann

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
 Abyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson
 Umsjón: Ágústa H. Gísladóttir
 Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir • Bankastræti 7 • Sími: 510 6100
 Símatími 9:00–16:00
 Afgreiðslutími 9:00–15:30



Val um tvær leiðir við útreikning á réttindum í B-deild LSR og LH

Um útreikning á réttindum úr B-deild LSR og LH gilda tvær mismunandi reglur, almenna reglan (32 ára reglan) og 95 ára reglan.

LSR lætur sjóðfélaga vita þegar hann hefur greitt iðgjöld í B-deild eða LH í 32 ár og þá hvort hann eigi rétt á að velja milli almennu reglunnar og 95 ára reglunnar. Sjóðfélaganum er tilkynnt um hvenær hann nær viðkomandi reglu og sýndur samanburður á áunnu og framreiknuðu réttindahlutfalli út frá báðum reglum og mismunandi lífeyristökualdri.

Almenna reglan

Almenna reglan (32 ára reglan) felur það í sér, að þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður og frá sama tíma greiðir launagreiðandinn 10% af þeim launum sem iðgjöld reiknast af. Þeir sjóðfélagar, sem velja almennu regluna verða því iðgjaldafríir upp frá því en ávinna sér 1% réttindi á ári, miðað við fullt starf, í stað 2% áður. Þeir sem velja 32 ára regluna geta í fyrsta lagi hafið töku lífeyris við 65 ára aldur. Eftir að líf-

eyristökualdri er náð og sjóðfélagi frestar töku lífeyris, ávinnast 2% réttindi á ári að nýju miðað við fullt starf.

95 ára reglan

95 ára regla vísar til þess að samanlagður iðgjaldagreiðslutími og lífaldur nær 95 árum. Sjóðfélagi, sem velur þessa reglu, þarf að greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Þá falla iðgjaldagreiðslur sjóðfélagans niður og launagreiðandi greiðir frá þeim tíma 10% iðgjald.

Hámarksréttur við 95-ára markið er 64% en eftir það ávinnur sjóðfélagi sér 2% að nýju fyrir hvert ár í fullu starfi. 95 ára regla gerir sjóðfélögum kleift að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Þeir sem ná þessu marki fyrir 64 ára aldur geta hafið töku lífeyris samkvæmt þessari reglu en þó aldrei fyrr en þeir hafa náð 60 ára aldri. Þeir sem ná 95 ára reglu fyrr verða að halda áfram í starfi sem veitir þeim aðild að B-deildinni eða LH þar til 60 ára aldri er náð og/eða fram að þeim tíma er þeir hefja töku lífeyris.

Lífeyrisþegum fjölgar og greiðslur hækka

Samanlagur fjöldi lífeyrisþega úr öllum deildum LSR og LH á árinu 2005 var 11.611. Heildarfrjárhæð lífeyrisgreiðslna nam rúmlega 13,2 milljörðum króna en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR rúmlega 91% af greiðslum sjóðanna eða 12,1 milljarður.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heild um 3,7% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 11,2%. Meðalfjárhæð lífeyris hækkaði í heild um 7,2%.

Meðalfjöldi lífeyrisþega – LSR og LH

